

## 5. Fundur í framkvæmdanefnd Þjóðkirkjunnar 6. mars 2023

Fundarmenn: Axel Árnason Njarðvík, Árni Helgason, Birgir Gunnarsson, Einar Már Sigurðarson og Drífa Hjartardóttir.

Fundur hófst kl. 9:00.

### Dagskrá:

#### 1. Ársreikningur Þjóðkirkjunnar vegna rekstrarársins 2022

Undir dagskrárliðnum komu Sigríður Helga Sveinsdóttir og Helena Rós Sigurðardóttir, endurskoðendur Þjóðkirkjunnar, inn á fundinn.

Lagður var fram ársreikningur Þjóðkirkjunnar vegna rekstrarársins 2022 og drög að endurskoðunarskýrslu. Gerðu SHS og HRS grein fyrir ársreikningum og störfum sínum við endurskoðun hans.

Framkvæmdanefndin samþykkti fyrir sitt leyti ársreikninginn og mun undirrita hann í kjölfar fundarins.

Véku þær af fundinum að dagskrárliðnum loknum.

#### 2. Stjórnskipulag Þjóðkirkjunnar

Undir dagskrárliðnum kom Bjarni Snæbjörn Jónsson, ráðgjafi Þjóðkirkjunnar, inn á fundinn. Gerði hann grein fyrir stjórnskipulagi Þjóðkirkjunnar og svaraði spurningum þar um.

Samþykkt var að halda áfram vinnu við verklagsreglur.

Vék hann af fundinum að dagskrárliðnum loknum.

DH vék einnig af fundinum að dagskrárliðnum loknum.

#### 3. Rekstraryfirlit janúarmánaðar 2023

BG gerði grein fyrir rekstrarstöðu janúarmánaðar 2023. Fóru fram umræður um það.

#### 4. Sölulisti fasteigna

Sölulisti fasteigna, sem liggur fyrir á Kirkjuþingi, var ræddur.

#### 5. Önnur mál

Rædd voru samningsdrög um skógrækt og endurheimt votlendis á kirkjujörðum. Samþykkt voru samningsdrög vegna Skálholts og Odda, ákveðið að Rekstrarstofa skoði samningsdrög vegna Saurbæjar fyrir næsta fund.

[Starfsmannamál fært í trúnaðarbók]

Erindisbréf framkvæmdanefndar var rætt. Ákveðið að formaður hafi samráð við forseta Kirkjuþings um gildistíma og endurnýjun.

AÁN upplýsti að hann hafi fengið fundarboð vegna Reykholts. Ákveðið að Rekstrarstofa skyldi afgreiða það mál.

Fundargerð var lesin upp og hún samþykkt samhljóða. Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 12:10.

Fundarritari: Eiríkur Guðlaugsson, lögmaður Rekstarstofu.